



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

8. árgangur 6. tbl.

júní 2011



**Hátíðarhöld í
Brautarholti á
Þjóðhátíðardaginn!**



17. júní 2011

13:00 Leikir og sprell á íþróttavelli og í sundlaug, m.a.:

Hreystikeppni, tímataka

Hreppa-reiptog

Stultuboðhlaup

Koddaslagur í sundlaug

15:00 Hefðbundin hátíðardagskrá í salnum í Brautarholti:

Hugvekja

Ávarp fjallkonu

Hátíðarræða

Í lok dagskrár verða veitingar í boði Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Söngatriði undir kaffidrykkju.

Þeir sem ætla að taka þátt í leikjum er bent á að hafa með sér viðeigandi fatnað.

Börn eru á ábyrgð foreldra.



Undirbúningsnefndin



**Skrifstofan verður lokuð vegna
sumarleyfa frá og með 11. júlí,
til og með 1. ágúst.**

**Björn Júlíus Grímsson mun leysa Ara
Einarsson af í Áhaldahúsinu í júlí og Björn
mun einnig taka við bókunum í Gljúfurleit,
Bjarnalækjarbotna og Tjarnarver í júlí.**

Sími: 486-6118 og 893-4426

**Bókanir í fjallskálana Klett og Hallarmúla
sér Ingvar í Fjalli um og sú nýbreytni
verður tekin upp í sumar að hey er selt við
skálana sjálfa. Allar upplýsingar gefur
Ingvar í síma 891-9597.**

Næsta fréttabréf kemur út 17. ágúst 2011.

Skilafrestur efnis til 10. ágúst 2011.

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti

**Venjulegur opnunartími skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps
er mánudaga-fimmtudaga kl. 9—12 og 13—15.**

Sími 486-6014 Fax 486-6091

**Sími í Áhaldahúsi 486-6118 og
893-4426 Ari Einarsson / Björn Júlíus.**

Veffang: www.skeidgnup.is

Sumargöngur Kvenfélags Skeiðahrepps!

Kvenfélag Skeiðahrepps stendur fyrir gönguferðum á miðvikudagskvöldum í sumar.



Gert verður ráð fyrir að ganga innan sveitar flest kvöldin en miðvikudagskvöldið 22. júní verður gengið um Snæfoksstaði í Grímsnesi. Allir sem vilja koma með hittist við Kertasmíðjuna kl. 20:00

Upplýsingar um hverja göngu er hægt að fá hjá Jóhönnu Vilhjálms s: 864 6101, Helgu Guðlaugs s: 865 4439 og Jóhönnu Lilju s: 696 6877.

Allir velkomnir



Flúðaleið flutningar ehf vantar meiraprófsbílstjóra.

Flúðaleið flutningar ehf, sem sér um vöruflutninga fyrir Eimskip og Samskip í uppsveitir Árnessýslu, vantar meiraprófsbílstjóra til að sinna útkeyrslu á sendibílum, flutningabílum og trailerum.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Pálmari í síma 892-2370 og á netfanginu: fludaleid@simnet.is

Menn og Málefni!

Frá FSu á Selfossi þann 21. maí s.l. brautskráðist af húsasmíðabraut Haraldur Ívar Guðmundsson, Reykhóli. Innilega til hamingju með áfangann.

Álfheiður Viðarsdóttir frá Ásum og Jón Hákonarson eignuðust dreng 6. maí. Þyngd, 3535 gr. og 51,1 cm. Hann á þrjú eldri systkini sem eru þau Baldur Már 3 ára, Íðunn Ósk 8 ára og Karen Sif 13 ára. Hamingjuóskir sendar héðan til fjölskyldunnar sem býr í Reykjavík



Leiðrétting: Helga Katrín Tryggvadóttir (frá Hlíð) og hennar maður eignuðust **stúlku** nú á vordögum en ranglega var með það farið í síðasta bréfi, beðist er velvirðingar á mistökunum.

Aðalsafnaðarfundur Ólafsvallasóknar

verður haldinn í Ólafsvallakirkju þriðjudaginn

21. Júní kl 20.30

Kjósa á um tvo aðalmenn í sóknarnefnd og tvo til vara.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Guðjón Vigfússon,
sóknarnefndarformaður.



Gaukssaga 2011.

Leikverkið Gaukssaga var frumsýnt í Árnesi 26. mars. Höfundur og leikstjóri var Vilborg Halldórsdóttir. Sýnt var níu sinnum í Árnesi og komu um 800 manns á sýningar. Margir komu að leikverkinu, rúmlega 20 manns. Leikdeild Ungmannafélags Gnúpverja sá um að hlutirnir gengju vel fyrir sig og það gekk eftir. Handrit og leikstjórn, tónlist, búningahönnun, ásamt úrvali góðra leikara og annarra sem unnu gott starf, gerðu þetta langþráða verkefni að veruleika.

Leikdeild UMFG þakkar öllum þeim sem komu að Gaukssögu og þakkar til allra sem gáfu vinnu sína. Peningastyrkir til Gaukssögu, sjálfböðavinna, afnot að Árnesi endurgjaldslaust, varð m.a. til þess að verkefnið gekk upp fjárhagslega. Er sveitarstjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps ásamt starfsfólki, þakkað fyrir ómetanlega aðstoð og þolinmæði.

Margir misstu af sýningum á Gaukssögu og reynt var að fá verkið til sýningar aftur eftir að sýningum lauk, bæði í Árnesi og á höfuðborgarsvæðinu. Vonandi verður Gaukssaga leikin hér í sveit í framtíðinni.

Leikdeild UMFG mun selja DVD disk í haust með Gaukssögu. Ein sýningin var kvikmynduð og er unnið að frágangi þeirrar vinnu. Einnig má fá disk með 100 ljósmyndum frá leiksýningum. Verða diskarnir auglýstir til sölu hér í fréttabréfinu.

Leikdeild UMFG.

Gnúpverjaafréttur.

Minum á vinnuhelgina í Gljúfurleit 24-26. júní næstkomandi sem við sögðum frá í síðasta fréttabréfi. Nokkrir hafa skráð sig en við getum hæglega nýtt fleiri hendur.

Vegna kuldans nú í vor er gróður á afréttinum lítið sem ekkert farinn að lifna. Því er óljóst hvort hægt verði að opna afréttinn fyrir beit um næstu mánaðarmót, en í landbótaáætlun fyrir Gnúpverjaafrétt stendur að ekki verði farið með fé á afrétt fyrr en um mánaðarmótin júní /júlí og seinna í köldum árum. Verður ástand afréttarins skoðað og metið er nær dregur og ákvörðun um upprekstartíma tekin í samráði við Landgræðsluna. Dagsetning verður auglýst á heimasíðu hreppsins. Okkur langar að endurvekja vorsmaladaginn. Ekki þó með föstum degi að sinni heldur hvetja jarðeigendur og umsjónamenn jarða til að smala lönd sín um það leiti sem féð er flutt á afrétt svo handsama megi það fé sem farið hefur á flakk svo fjáreigendur geta þá komið því á afrétt.

Afréttarmálanefnd Gnúpverja.



Þeir foreldrar sem óska eftir leikskólavist fyrir börn sín næsta vetur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um leikskólaláss fyrir lok júní, sömuleiðis þeir foreldrar sem óska eftir breytingu á núverandi vistunartíma geri það fyrir sama tíma.

Eyðublöð má sækja á hreppskrifstofu, í leikskóla og á heimasíðum beggja.

Leikskólastjóri.



Fótboltaæfingar í Árnesi

10 ára og yngri miðvikudagar kl 17—18

Þjálfarar: Ingvar og Stefanía

11 ára og eldri miðvikudagar kl 19:30—21

Þjálfarar: Siggí og Hafsteinn

Æfingar fara fram á fótboltavellinum í Árnesi.

UMFG

Minum á að sundlaugin er opin á miðvikudögum til kl 21.



17. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 08.06.2011 í Árnesi kl. 13:00.

Mættir: Gunnar Örn Marteinsson, Sigrún Guðlaugsdóttir, 1. varamaður Jóns Vilmundarsonar, Harpa Dís Harðardóttir, Jón Einar Valdimarsson 2. varamaður Odds Guðna Bjarnasonar, og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð. Gunnar Örn setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Kosning oddvita og varaoddvita til eins árs.

Gunnar Örn Marteinsson kosinn oddviti til eins árs með fjórum atkvæðum, Jón Einar Valdimarsson sat hjá.

Jón Vilmundarson kosinn varaoddviti til eins árs með þremur atkvæðum. Björgvin Skafti Bjarnason og Jón Einar Valdimarsson sátu hjá.

2. Kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra til vara á aðalfund Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Skólaskrifstofu Suðurlands, einnig kosning eins fulltrúa og annars til vara á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands.

Kosnir aðalmenn á aðalfund Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga:

Gunnar Örn Marteinsson, Harpa Dís Harðardóttir, Björgvin Skafti Bjarnason.

Varamenn: Sigrún Guðlaugsdóttir, Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason.

Kosnir aðalmenn á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Suðurlands:

Gunnar Örn Marteinsson, Harpa Dís Harðardóttir, Björgvin Skafti Bjarnason.

Varamenn: Sigrún Guðlaugsdóttir, Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason.

Kosnir aðalmenn á aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands:

Gunnar Örn Marteinsson, Harpa Dís Harðardóttir, Björgvin Skafti Bjarnason.

Varamenn: Sigrún Guðlaugsdóttir, Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason.

Kosnir sem aðalmenn á aðalfund Skólaskrifstofu Suðurlands:

Gunnar Örn Marteinsson, Harpa Dís Harðardóttir, Björgvin Skafti Bjarnason.

Varamenn: Sigrún Guðlaugsdóttir, Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason.

Kosning eins fulltrúa og annars til vara á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands.

Gunnar Örn Marteinsson, aðalmaður. Harpa Dís Harðardóttir, varamaður.

3. Fundargerð umhverfisnefndar 6. fundur haldinn 16.05.2011.

Fundargerð umhverfisnefndar samþykkt.

4. Fundargerð afréttarnefndar Gnúpverja haldinn 11.04.2011.

Fundargerð afréttarmálanefndar samþykkt.

5. Fundargerð skólanefndar 9. fundur haldinn 26.05.2011.

Lagt fram erindi frá Árdísi Jónsdóttur með athugasemd við 3. lið, önnur mál í fundargerð skólanefndar. - Fundargerð nr. 9 samþykkt.

6. Fundargerð félagsmálanefndar 137. fundur haldinn 06.05.2011.

Fundargerð félagsmálanefndar staðfest.

7. Fundargerðir fræðslunefndar Flúðaskóla 8. fundur haldinn 04.05.2011 og 9. fundur haldinn 25.05.2011. Fundargerðir lagðar fram. Fundargerðir fræðslunefndar Flúða skóla vegna æskulýðsmála 2. fundur haldinn 04.05.2011 og 3. fundur haldinn 25.05.2011. Fundargerðir lagðar fram.
8. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar 35. fundur haldinn 26.05.2011, jafnframt lagðar fram til kynningar fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa 63. fundur og 64. fundur. Skipulagsfulltrúi mætti á fundinn og fór yfir ný lög varðandi deili skipulagsvinnu.
9. Lagt fram erindi frá Landformi ehf þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið samþykki stofnun nýbýlisins Lómsstaða úr landi Hamarsholts, jafnframt er óskað eftir að sveitarstjórn samþykki að hefja megi deiliskipulagsvinnu á spildunni sem er 24,67 ha að stærð. Sveitarstjórn samþykkir stofnun lögbýlisins, jafnframt samþykkir s sveitarstjórn að hefja megi deiliskipulagsvinnuna í samræmi við það sem fram kemur í erindinu.
10. Samþykkt um sameiginlega skipulags-og byggingarnefnd fyrir Bláskógarbyggð, Grímsnes-og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp, Skeiða-og Gnúpverjahrepp og Flóahrepp og um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa. Samþykktin samþykkt.
11. Fundargerð Héraðsnefndar Árnesinga 54. fundur.
Fundargerð lögð fram. Varðandi lið nr.6 telur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverja hrepps að endurgreiðsla þeirra fjármuna sem sveitarfélögin hafa lagt til fyrir byggingu verksnámshússins Hamars við FSu verði til þess að draga úr líkum á að framkvæmdin verði. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skorar á stjórn Héraðsnefndar, Skólanefnd FSu og aðra er málið varðar að þrýsta enn frekar á að af framkvæmdinni verði. Varðandi lið nr.8 um endurskoðun fjallskilasamþykktar Árnessýslu austan vatna nr. 408/1998 tilnefnir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverja hrepps formann afréttarmálanefndar Gnúpverja Lilju Loftsdóttur sem fulltrúa í nefndina.
12. Minnisblað nefndar sem fjallaði um hugmyndir um sameiginlegan íþrótt- og æsku lýðsfulltrúa uppsveita. Minnisblað lagt fram.
13. Erindi frá leikskólastjóra með ósk um að sveitarfélagið láti vinna starfsmannastefnu fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn samþykkir að farið verði í vinnu við starfsmanna- stefnu. Oddvita, leikskólastjóra og skólastjóra falið að vinna drög að starfsmanna- stefnu sem lögð verði fyrir starfsmenn til kynningar og umsagnar áður en til sam- þykktar kemur.
14. Samstarfssamningur um sameiginlegt starfssvæði félagsþjónustu Uppsveita Árnes- sýslu og Flóahrepps. Lagður fram samstarfssamningur um sameiginlegt starfssvæði félagsþjónustu Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur oddvita að undirrita hann.
15. Tillaga að breytingum á samþykktum Skeiða-og Gnúpverjahrepps. Fyrri um ræða: Oddviti lagði fram breytingar á samþykktum sveitarfélagsins til fyrri um ræðu: Breytingarnar eru þær að 6. tl. 51 gr. samþykktu Skeiða- og Gnúpverjahrepps

- um félagsmálnefnd Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps verður eftirfarandi: Sameiginleg félagsþjónusta sjö sveitarfélaga í Árnessýslu. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa til setu í yfirstjórn sameiginlegrar félagsþjónustu sjö sveitarfélaga í Árnessýslu, samkvæmt samningi þar að lútandi. Sá sem kjörinn er í yfirstjórn hefur umboð til þess að skipa fulltrúa í eina sameiginlega velferðarnefnd á starfssvæði félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 12.gr.laga nr.10/2008, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fulltrúar í sameiginlegri velferðarnefnd eru fimm, auk jafnmargra varamanna og koma þrír af starfssvæði Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar og tveir af starfssvæði sveitarfélaga í Uppsveitum Árnessýslu og Flóahrepps. Fulltrúi sveitarstjórnar í sjö manna yfirstjórn hefur einnig umboð til þess að taka þátt í skipan formanns og varaformanns sameiginlegrar velferðarnefndar. Yfirstjórn útbýr einnig erindisbréf sameiginlegrar fimm manna velferðarnefndar og leggur það fyrir sveitarstjórn til staðfestingar af hennar hálfu. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til annarrar umræðu.
16. Erindi frá sóknarnefnd Stóra-Núpsóknar vegna kirkjugarðs. Sóknarnefnd mætti á fundinn og fór yfir stöðu mála og málinu vísað til næsta fundar.
17. Umsókn um styrk vegna skuldbreytinga hjá Rangárbökkum ehf, erindi frá hestamannafélaginu Smára. Erindinu hafnað.
18. Trúnaðarmál.

Mál til kynningar

- A. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 203.fundur haldinn 10.05.2011, einnig fundargerð samráðsfundar Sorpstöðvarinnar haldin 10.05.2011.
- B. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands 133. fundur haldinn 29.04.2011.
- C. Samkomulag milli Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun nemenda til tónlistarnáms.
- D. Erindi varðandi orlof húsmæðra.
- E. Fundargerð stjórnar SASS 443. fundur haldinn 20.05.2011.
- F. Fundargerð verkefnastjórnar um eflingu sveitarfélaga á suðurlandi 1. fundur.
- G. Fundargerð stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 786. fundur.

Fleira ekki, fundi slitið 17:20.

Afréttakort milli Þjórsár og Hvítár!

Endurútgefið kort, með örnefnum, af afréttum

Gnúpverja, Flóamanna og Hrunamanna er til sölu á skrifstofunni í Árnesi og kostar kr. 500.- Þetta er vinsælt kort en nóg er til ennþá!

Upplýsingar um Heilsugæsluna í Laugarási eru á bls. 21

Körfuknattleiksdeild UMFH heldur aðalfund mánudags- kvöldið 20.júní í ungmennafélagsherberginu í Félagsheimili Hrunamanna kl.20:00. Stjórnin

Frá Búnaðarfélagi Gnúpverja 2011



Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún.

Sími Búnaðarfélagsins er: **845-0891**

Gjaldskrá 2011:

Haugsuga 11,5 T	7.500 kr pr. dag
Haugsuga 13,5 T	11.000 kr pr. dag
Skádæla	6.000 kr pr. dag
Brunndæla	6.000 kr, pr. dag
Rafmagns flórhæra	6.000 kr pr. dag
Pinnatætari	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 1.500 kr/klst.
Flag- og túnvaltari 6,3 m, með jöfnunar- borði	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Nýtt! Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	2.000 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Fjaðraherfi	1.500 kr/klst. Lágmarksgjald 4.500 kr.
Hagasláttuvél	2.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 1000 kr/klst.
Sláttuvél m/knossara og færib.ofl. 4 m	5.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 3.500 kr/klst
Diskaherfi 4,5 m (Staðs. Norðurg.)	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Flaghefill	1.000 kr/klst. Lágmarksgjald 3.000 kr.
Steypuvél	50 kr/poka, startgjald 3.000 kr.
Flatvagn 12t (rúlluvagn)	5.000 kr/dag.
Tveggjahesta kerra	3.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 5.000 kr/dag
Fjölnotakerra	4.000 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 5.000 kr/dag

Gjaldskráin gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna.

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því áskilur

Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þrif, en það er **15.000 kr**

Skemmdir á tækjum vegna vítaverðs gáleysis greiðast af leigutaka!! Bent skal á að

Skólaslit Þjórsárskóla

Skólaslit fóru fram í Árnesi 26. maí s.l. Athöfnin hófst á söng kórsins og voru gestir dregnir með í undirleik á öðru lagi kórsins og tókst það mjög vel. Þá voru verk nemenda til sýnis og veittar voru viðurkenningar fyrir góða félagsfærni. Ekki var veittur farandbikar fyrir sund þetta árið, þar sem ekki tókst að halda sundkeppni vegna öskufalls. Hins vegar voru verðlaunapeningar afhentir þeim sem náðu besta tíma í sundkennslu yfir veturinn.

Það voru Sesselja Hansen Daðadóttir og Arnþór Ingvar Hjörvarson sem voru með bestu tímana eftir veturinn. Í öðru og þriðja sæti í hvorum flokki voru annars vegar Dýrfinna Arnardóttir og Stefanía Katrín Einarsdóttir og hins vegar Guðmundur Heiðar Ágústsson og Jónas Ásólfur Jóhannesson. Á skóla-



slitum skólans var veitt viðurkenning fyrir félagsfærni. Hún er mjög mikilvægur námsþáttur og hver og einn einstaklingur getur haft mikil áhrif út í

hópinn. Þeir sem fengu viðurkenningu núna voru Hekla Salóme Magnúsdóttir, frá Blesastöðum og Bergsveinn Vilhjálmur Ásmundsson, frá Norðurgarði.

Árgangur 1998 útskrifaðist úr Þjórsárskóla. Þetta voru fjórir nemendur sem eru samhentir, kurteisir, félags-

lega sterkir, ákveðnir og standa sig vel í því sem þeir taka sér fyrir hendur. Með von um að þau beri gæfu til að halda sambandi áfram þó þau fari hvert í sína áttina í framtíðinni gaf skólinn nemendum lyklakippur með mynd af hópnum. Þrír starfsmenn við skólann láta af störfum í sumar. Það eru Stína „kokkur“ sem var ráðin til eins árs, Stefán sem hefur kennt tónmennt s.l. 2 ár og Bente íþróttakennari sem hefur kennt við skólann frá 2006. - Ég tek mér leyfi frá störfum í eitt ár. Ég þakka þeim fjölmörgu sem hafa aðstoðað mig í störfum mínum fyrir Þjórsárskóla og einnig þeim sem hafa tekið vel á móti mér og fjölskyldu minni þannig að okkur hefur liðið vel hér. Það að stjórna skóla er vandasamt verk.

Allir hafa skoðun á því, allir hafa eitthvað til málanna að leggja og sumir vilja stjórna honum heiman frá sér. Ég er ánægð með þá þróun sem Þjósárskóli hefur tekið á undanförunum árum. Ég er þakklát því samstarfsfólki sem ég starfaði með og gerði það kleift að ná þeim árangri sem við sjáum í dag. Rétt eins og hver nemandi skipar stóran sess í skólanum, þá skipar hver einstaklingur stóran sess í samfélaginu. Ég óska ykkur góðs gengis á næsta skólaári og vona að það verði jákvæðni og samhugur sem einkenni starf skólans og samskipti milli einstaklinga hér í sveitinni.

Með góðri kveðju,
Ingibjörg María, skólastjóri Þjósárskóla.



Útskriftarnemendur 2011;

f.v. Arnþór Ingvar, Dýrfinna, Sesselja Hansen og
Stefanía Katrín ásamt Bolette, umsjónarkennara.

Laugardagsmorgnarn í Árnesi!

Förum út að leika saman! Foreldrar og börn athugið,
óskipulagðar æfingar á íþróttavellinum í Árnesi á
laugardögum kl 11- 12.

UMFG



Minnum á að sundlaugin opnar á laugardögum **kl.12**

Loftur Magnússon er nýr umsjónarmaður
fjallaskála á Hrunamannafrétti. Pantanir í
síma: **896-0812** og netfang: **loftursm@visir.is**

Frá vorfundi Kvenfélags Gnúpverja.

Kvenfélag Gnúpverja hélt sinn árlega vorfund 19. maí s.l. í Árnesi. Á honum er reynt að hafa eitthvað öðruvísi en venjulega á fundum félagsins. Það var því gleðiefni þegar Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands samþykkti að koma á fundinn að beiðni stjórnar, flytja ávarp og spjalla við gesti. Vigdís hefur sterkar taugar til Gnúpverjahrepps og sagði konum frá ýmsum í tengslum við kynni hennar af Gnúpverjum og og ýmsu öðru sem á daga hennar hefur drifið. Konur spurðu hana út í þjóðfélagsmálin og ýmislegt tengt hennar reynslu. Það var notalag og skemmtileg kvöldstund þar sem



Matstofan sá um kaffi og meðlæti.

Á fundinn mættu um 40 konur víðs vegar að enda

var fundurinn opinn konum úr öðrum kvenfélögum sem og öðrum á svæðinu.

Á sama fundi var kynnt bréf frá Menningarráði Suðurlands sem úthlutaði Kvenfélagi Gnúpverja 100.000 kr. styrk í verkefnið um þjóðbúningakvöld sem haldið verður í haust. Það var sérstaklega ánægjulegt fyrir Kvenfélagið að fá slíka viðurkenningu og auðveldar undirbúning að vissu leyti.

Eftir kaffi og spjall kynnti stjórnin nýjar nefndir félagsins sem starfa næsta árið.

Skemmti- og fræðslunefnd: Kristjana Gestsdóttir formaður, Sigrún Guðlaugsdóttir, Halla Guðmundsdóttir, Bryndís Baldursdóttir og Meike Witt.

Útivistarnefnd: Þuríður Jónsdóttir og Hrafnhildur Ágústsdóttir.

Bingónefnd: Jóhanna Reynisdóttir og Ingunn Sveinsdóttir.

Jólaskemmtun er á vegum kvenna í nr. 1.

Þakka ykkur fyrir

skemmtilega kvöldstund.

Með kveðju,
Stjórnin.

Vigdís með stjórn og
þrjónakonunni sem
þrjónaði sjalið sem
hún þáði að gjöf.



Langar þig að komast í form, hreyfa þig meira eða hafa einhvern með þér út í hreyfingu ?

Í sumar býð ég upp á einkaþjálfun og fitumælingar. Þjálfunin fer fram úti í náttúrunni þar sem teknar eru fyrir styrktar- og þolæfingar og ráðleggingar um matarræði. Líkamsmælingar fara fram í upphafi og lok tímabils. Hver þjálfunartími tekur mið af einstaklingnum.


Verð: 10.000 krónur fyrir einstakling, 1.mánuður

7.500 krónur fyrir 2 eða fleiri í einu, 1.mánuður

1.000 krónur fitumæling

Upplýsingar í síma 691-6859 eða á ste9@hi.is
Stefanía Eypórsdóttir B.Sc íþróttافرæðinemi

Einkaþjálfun felst ekki endilega í því að koma sér í bikiní- eða sundskýluform heldur að stuðla að bættri líðan og heilbrigði. Oft er erfitt að koma sér af stað og maður veit ekki hvernig á að byrja og þá er gott að hafa einhvern með kunnáttu sér við hlið.



Trjáplöntur til úthlutunar!

Eins og mörg undanfarin ár hefur Gróðurnefnd Ungmenna-
félags Gnúpverja úthlutað nokkrum tegundum af trjáplöntum
frá Skógræktarfélagi Árnesinga.

Þær eru nú þegar til úthlutunar hjá Oddi á Stöðulfelli

Vinsamlegast hafið samband sem allra
fyrst við Odd í síma 865-4449.

Fyrstir koma - fyrstir fá!



Félagsmiðstöðin Zero!

Starfsmann vantar í 50% starf til að hafa umsjón með starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero á Flúðum. Félagsmiðstöðin er rekin í samvinnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 15. ágúst nk. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 30. júní n.k.



Gjáskógar í Þjórsárdal merktir!

Áhugafólk, í samvinnu við Fornleifavernd, hefur merkt fornminjar í Þjórsárdal sl.þrjú ár með því að setja niður skilti sem upplýsir ferðafólk um sögu viðkomandi bæjarrústa.

Nýlega var farið með skilti að rústum bæjarins Gjáskógar. Bærinn stóð fyrir innan Gjána, og hefur verið í gömlum fræðum kallaður „kotbýli“, frá Stöng. Það má greina rústirnar af Gjáskógum, en rústirnar af fjósinu austan við bæinn sjást mjög vel. Stöng er 200 m. yfir sjávarmáli, en Gjáskógar 300 m. Með þessum áfanga hafa Gjáskógar, Stöng, Skeljastaðir, Samsstaðir, Ásláks-tunga-fremri og Sandártunga, (Sanda-tunga) verið merktir. Fleiri merkingar bíða betri tíma.



Á mynd f.v. Sigvaldi Kaldalóns, Sigrún Bjarnadóttir og Eypór Brynjólfsson.

Gullkistan, dvalarstaður fyrir skapandi fólk

Gullkistan, residency for creative people

Gullkistan, dvalarstaður fyrir skapandi fólk, hefur í samvinnu við ML sett aftur upp sýninguna „Það er allt fallett“. Um er að ræða 6 eftirprentanir á málverkum Þórarins B. Þorlákssonar sem hann málaði á Laugarvatni. Myndirnar eru á skiltum í kringum Héraðsskólann og munu þau standa í allt sumar.

Gullkistan verður með opið hús **17. júní** í vinnustofunni á Eyvindartungu frá klukkan 17:00 - 19:00 og í tilefni af sýningunni verður gestum á öllum aldri boðið að spreyta sig á því að mála málverk af Heklu.

Efni í mynd kr. 2000 og aðstoð innifalin

Eyvindartungu, 801 Selfoss, Iceland +354 892-4410 and 699-0700

gullkistan.is gullkistan@gullkistan.is [facebook](https://www.facebook.com/gullkistan) [twitter](https://twitter.com/gullkistan)



Myndlist í hesthúsi í Reykholti


Í sumar mun ég vinna að myndlist í hesthúsinu mínu í Reykholti, vinnustofan verður opin og gestir velkomnir. Verkin verða til sýnis og sölu, myndir og listmunir sem

tengjast íslenska hestinum.

Einnig verður myndlistarhorn fyrir börn, penslar blöð og litir til að mála með, ásamt hestamyndum til að lita. Við hesthúsið verða tveir hestar sem hægt er að skoða og klappa.

Opnunartími í sumar frá 10. júní – 13. ágúst.

Mánudaga 11:00-14:00, Þriðjudaga til laugardaga 11:00-17:00, lokað á sunnudögum



REIÐSKÓLINN GELDINGAHOLTI.

Reiðnámskeið - Grunnnámskeið fyrir 6 -10 ára.

20.—24. júní, einnig námskeið fyrir lengra komna 20. - 24. júní.

Nokkur laus pláss á 5 daga námskeið í júlí og ágúst.

Nánari upplýsingar í síma 486-6055 og 861-7013.

Rosemarie



Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð

Fótsnyrting

Húðhreinsun

Vaxmeðferð

Litun og plokkun

Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dömur og herra frá **GUINOT**
Tímamantanir í síma 856-1599

Hundafangari í Skeiða- og Gnúpverjahreppi!

Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.

Á bak við eldavélina!



Ég þakka Jónasi fyrir að veita mér þann heiður að koma hér með uppskrift. Mér sýnist þessi þáttur heita á bak við eldavélina. Hef ég það eftir Gauja málara að þar kenni nú ýmissa dýra, en fyrir framan veit ég að á mínu heimili er þetta húspláss aðeins ætlað fagfólki. Samanber gula skiltið sem þar er frá vinnueftirlitinu sem á er lettrað með svörtu lettri „Þetta vinnusvæði er aðeins fyrir fagfólk“. Hef ég aldrei aflað mér þessara réttinda því eins og faðir minn sálugi sagði. „Þessi réttindi þarftu ekki ef þú hefur vit á því drengur minn að gifta þig“ og fór ég að ráðum hans. Það er oft vit í því sem eldri menn segja.

Holl og næringargóð súpa

En ég leik mér oft í fóðureldhúsi þar sem engin er eldavélin en bara stór grautar-pottur en þar hef ég til umráða nokkrar uppskriftir. Læt hér fylgja eina af orkuríku fæði sem hefur reynst þeim er þess neyta vel. Má þetta vera jafnt hátíðarsúpa sem hvunn dags en ávallt er súpunnar beðið með eftirvæntingu og spennu. Flestir taka vel til matarins þannig að þetta hlýtur að vera lystugt og bragðgott. Hráefnið er ég nota er viðurkennt af fóðureftirliti MAST.

Miðað við 100 kg. af súpu:

55,00 kg. Suðurfallsvatn

14,64 kg. Suður- Skeiða heitt vatn

1,63 kg. Sýra (má vera maura)

0,58 kg. fita ekki frá kjötmjöli (Katrín bannar)

4,67 kg. Soyamjöl, ristað

0,77 kg. alhliða vítamín og kalk (frá Dan Vit)

7,57 kg. bygg, malað með skífumyllu

15,14 kg. hveiti, malað með skífumyllu

0,00 kg. maís



Þessi þrjú síðasttöldu hráefni má spila með eftir verðlagi. Fást á góðu verði hjá FB. Er þetta sett í pottinn í þeirri röð er upp er talið. Hrært á meðan og þar til fram er borið. Hræra á sirka, ekkert dash, á 1.000 kílóin 322 sekúndur. Einnig skal hrært á meðan hringdælt er en fer þá hrærutíminn eftir því hve langt þarf fram að bera en það þarf að dæla 5,3 sekúndur á lengdarmetra. Þá er skammtað hverjum einstakling eftir þörfum og getu. Með þessari uppskrift legg ég ásamt mínum vinkonum drög að gómsætum svínakjötsréttum sem fagfólk síðan eldar á eldavélum. Gómsætar uppskriftir finnast á <http://www.svinakjot.is/> Þessi réttur er framleiddur undir ströngu innra eftirliti Stjórnugriss og einnig viðurkenndur af Matvælastofnun. En því er ekki svo farið með egginn hans Jónasar, því hænurnar eta allt sem úti er, hvort sem það er hundaskítur eða annað og Guð má vita

hvort í því sé Salmonella eða Kamfólía. En það er víst allt gott og blessað þar sem þær ganga frjálssar í náttúrunni og þar með frjálst að spilla fyrir heilsu manna án þess að Matvælastofnun skipti sér nokkuð af.

Ég skora á kollega minn, fyrrverandi hreppstjóra hr. Bjarna Gunnlaug Bjarnason, að koma með uppskriftir í næsta blað t.d. síldarrétti handa þybbnu kvenfólki, til megrunar.

Megi framtíðin færa okkur sveitungum gæfu og frjósemi.

Jóhannes Eggertsson

Sléttabóli



Vantar þig húsgögn?

Þar sem ég er að flytja og kem ekki öllu fyrir ætla ég að selja það sem mest.

Brúnt leðursófasett 3+1+1, vel með farið 6 ára gamalt.

Eldhús-/borðstofuborð fyrir 8, úr eikarlitaðri furu.

7 borðstofustólar úr eik með bólstraðri sessu.

Sófaborð úr eikarlitaðri furu.

Sjónvarpsborð (lítið borð m/hillu) úr eikarlitaðri furu.

Skenkur með einni hillu og stórrí skúffu úr eik.

Borðstofuskápur úr eik.

Stór grjónapúði/stóll.

60 cm skúffuskápur úr rekaviði.


Uppþvottavél.

Whirlpool barkalaus þurrkari.

Fagor þvottavél.

Áhugasamir hafið samband í síma

864-5481 eða 456-3898 eftir 19. júní.



Minningarkort Stóra-Núpskirkju er hægt að fá hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.





Kvennaútreiðatúr 19. júní !

Hinn árlegi kvennareiðtúr verður sunnudaginn 19. júní.

Mæting í Gunnbjarnarholt kl. 14.00.

Ríðið um framsveitina og endað aftur í Gunnbjarnarholti og þar verður grillvagninn tilbúinn með grillið kl. 19:00.

Maturinn kostar 3.700,- Einnig verður til sölu "léttur" á sanngjörnu verði.

Athugið að taka með pening því enginn posi á staðnum.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku til Meike í síma 663-8011 eða netfang

mmelkorka@hotmail.com

Hlökkum til að sjá ykkur

Begga og Meike.



Kertasmiðjan í Brautarholti

Sumaropnun frá 15. maí

mánudag – fimmtudag 11:00 – 18:00

föstudag – sunnudag 11:00 – 20:00

Grillið

Hamborgarar & franska

Samlokur & pylsur

Auðvitað ávallt heitt kaffi á könnunni



Tjaldsvæðið í Brautarholti er í umsjá Kertasmiðjunnar
sem og salurinn í júlímánuði.

Nánari upplýsingar veita Hermann og Ragnhildur í síma 663 4666
og 893 3999

www.kertasmidjan.is - mail: kertasmidjan@web.is - S. 486 5518

Matstofan Árnesi !



Matstofan Árnesi hefur nú hafið göngu sína og er opið frá klukkan **11:30 - 22.00** en til klukkan **01:00** á föstudögum og laugardögum. Ný bakað brauð til sölu frá klukkan **9:00** alla daga. Bændamarkaður er opinn alla daga og kökuhlaðborð á sunnudögum mmm....

Allt fyrir alla

Börn, konur og karla

Matstofan Árnesi

matstofaarnes@simnet.is

S. 844-5262



Trússflutningar á Afrétti Flóa og Skeiða.

Stjórn Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða auglýsir eftir áhugasömum aðilum til að taka að sér flutning á kosti í Fjallsafni og Eftirsafni haustið 2011 í Austur og Vesturleit.

Möguleiki á framtíðar ráðningu.

Nánari upplýsingar gefur Ingvar í síma 891-9597

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti

Opið fimmtudaga út júní kl. 20—22

Lokað júlí! Opnum aftur 25. ágúst!

Verið dugleg að taka bækur fyrir sumarfrí.

Hægt að skila allan sólarhringinn!

bokasafn@skeidgnup.is S: 486-550

Nefndin!



VERSLUNIN ÁRBORG

Kæru sveitungar og ferðamenn

Alla daga - allan daginn

OPIÐ

9 – 21 mánudaga - laugardaga

10 - 21 sunnudaga

Rúnstykki, Crossant, brauð og vínarbrauð



Frá því í ágúst 2010 höfum við verið að prufukeyra nýjan ofn og prófa bakstur á ýmsum tegundum af brauðum og bakkelsi, bjóðum nú upp á nokkrar tegundir af rúnstykki, baguette og vínarbrauðum, ásamt crossant m/skinu og osti, einnig heilsubrauð og tómatabrauð.

Getum líka bakað með stuttum fyrirvara (20 mín) öll brauð eftir pöntun.

Velkomið að hafa samband utan hefðbundins opnunartíma!

Verslunin Árborg s :486-6006

Tamningar og Þjálfun!



Hef nokkur laus pláss í tamningu og þjálfun til 15. ágúst. Er komin með töluverða reynslu. Síðustu 7 mánuðina hef ég unnið fyrir Sigga Sig í Þjóðólfshaga og þar á undan fyrir Söru í Álfhólum. Tek 35 þúsund á mánuði fyrir utan vsk og járn-
ingar. Elísabet í Steinsholti S: 845 7615

elisabet_0315@hotmail.com

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

**Landflutningar
SAMSKIP**

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla söluaðila.

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693 gsm: 892-2370

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Símatímar lækna alla virka daga kl. 9-9:30 og 13 –13:30

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

ÁSBÚÐIN!

Þær breytingar hafa orðið að Múrbúðin á Flúðum hefur fengið nýtt nafn og heitir núna **ÁSBÚÐIN**, rekstraraðili er sá sami þ.e. **Vöndull ehf.** Vöruúrval er að mestu leyti það sama, en við höfum bætt við vörum frá Líflandi sem tengjast búrekstri. Málningarvörurnar eru frá Flugger. Flísar, parket, gólf dúkar og vörur tengdar þeim frá Álfaborg.

Með þessum breytingum vonumst við til þess að geta veitt enn betri þjónustu og viljum jafnfram hér með þakka kærlega fyrir góðar viðtökur.

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ – ALLRA HAGUR

ÁSBÚÐIN

Flúða Taxi



Sími 893 1462



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Girðingarefni rafgirðingar - netgirðingar - plaststaurar

Randbeitavír



Hvítur/Orange 250 m
Kr. 2.652

Rafgirðingareipi



200 m **Kr. 5.602** 100 m **Kr. 2.954**

Rafgirðingaborði



200 m **Kr. 3.145**
100 m **Kr. 1.754**



Plasteinangrari
Kr. 64



Egg-einangrari
Kr. 110



Randbeitarkefli
niðurgirað
Kr. 9.527



Randbeitarkefli
Kr. 7.878

Túngirðingarnet - gaddavír



Túngirðingarnet 5 str. 65cm 100m
Kr. 12.998

Túngirðingarnet 7 str. 65cm 100m
Kr. 16.056

Túngirðingarnet 6 str. 900cm 100m
Kr. 15.457



Gaddavír lowa
2,5mm 200m járnvír
Kr. 9.528

Gaddavír Motto
1,6mm 200m stálvír
Kr. 5.395

Girðingastaur gagnv. yddaður 70/1800
Kr. 398

Girðingastaur gagnv. yddaður 120/2400
Hornstaur

Kr. 2.308

Girðingastaur járn 1,8 m
Kr. 1.500

Randbeitastaurar

Hvítur
stál

Kr. 563

Hvítur
plast

Kr. 398



Hliðhandfang
Kr. 472



Hnifrofi
Kr. 1.445

Naglbítur
Kr. 2.736



Girðingartöng
Fjölnota
Kr. 2.736



Randbeitarkefli
Kr. 5.439



Bilanagreininir -
Volt mælir

Greininir í hvora átt útleiðsla er
Kr. 30.314



Digital
Volt mælir
Kr. 7.276

Plastgirðingastaurar og fylgihl.

Virafestingar stakar	Kr. 15
Plaststaur 1000 án/járnfótar	Kr. 448
Plaststaur 1500 m/spíss	Kr. 573
Rengla 1000 5 strengja	Kr. 45
Plast-hornstaur án/kamst.25mm	Kr. 885
Hattur á hornstaur	Kr. 306
Stagfesta á plast-hornst	Kr. 3.399
Kambstál 16mm x70cm	Kr. 309
Kambstál 20mm x 70cm	Kr. 472
Kambstál 25mm x 70cm	Kr. 737
Kambstál 25mm x150cm	Kr. 1.579
Kambstál 25mm x 200cm f/hornstaur	Kr. 1.860

Fyrir sauðburðinn



Lamba-
mjólkurduft
Kr. 8.880
10 KG.



Fyrir nýfædd veikburða lömb.
Styrkir ónámiskerfið og bætir
meltinguna.

- Merkilitir
- Burðaslim
- Klaufaklippur
- Lambasnara
- Lambatúttufötur
- o.fl. o.fl.



480 5600

landstolpi.is

Sumaropnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2011

Neslaug s: 486 6117 - Skeiðalaug s: 486 5500



11. júní — 14. ágúst 2011



	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga:	14 – 18	14 – 21
Þriðjudaga:	14 – 21	14 – 18
Miðvikudaga:	14 – 18	14 – 21
Fimmtudaga:	14 – 21	14 – 18
Föstudaga:	14 – 18	14 – 18
Laugardaga:	12 – 18	12 – 18
Sunnudaga:	12 – 18	12 – 18

Lokað 17. júní eins og verið hefur.

**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga
lögheimili í sveitarfélaginu.**



**Sundgleraugu og fleiri
vörur tengdar sundi til sölu!**



Skeiðalaug

**Hætt er
að selja
inn
hálf tíma
fyrir
lokun!**



Neslaug